# Lögbirtingablað

Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

**Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.**
**Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.**
**Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is**
**Veffang: http://lagabirting.is**
**ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)**
**ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)**
**Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.**

**Nr. 101 96. ár** **Miðvikudaginn 23. júlí 2003**

## Laust starf

*Búðardalur.*

Laus er til umsóknar tímabundin staða lögreglumanns, með starfsstigið varðstjóri/rannsóknarlögreglumaður, hjá embætti sýslumannsins í Búðardal. Um er að ræða stöðu til eins árs vegna ársleyfis. Umsóknum skal skilað til sýslumannsins í Búðardal, Miðbraut 2, 370 Búðardal, en umsóknarfrestur rennur út þann 30. júlí 2003. Anna Birna Þráinsdóttir sýslumaður og Guðmundur Hjörvar Jónsson varðstjóri, veita nánari upplýsingar um stöðuna.

Ráðningakjör eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna. Starfshlutfall er 100%. Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað af viðkomandi lögreglustjóra þegar ákvörðun um skipun, setningu eða ráðningu hefur verið tekin af ríkislögreglustjóra, eða dómsmálaráðherra, sem skipar eða setur yfir- og aðstoðaryfirlögregluþjóna.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, www.logreglan.is, undir liðnum *„Eyðublöð“*.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um.

Reykjavík, 15. júlí 2003.
**Ríkislögreglustjórinn.**

(9654

## Laus staða

Laus er til umsóknar staða forstjóra Lýðheilsustöðvar.

Lýðheilsustöð starfar samkvæmt lögum um Lýðheilsustöð nr. 18/ 2003. Markmið Lýðheilsustöðvar er að efla lýðheilsu m.a. með því að stuðla að og samræma lýðheilsustarf og styðja starfsemi stofnana og frjálsra félagasamtaka til eflingar lýðheilsu. Þá skal Lýðheilsustöð annast fræðslu til almennings um heilbrigði og heilsueflingu í samvinnu við landlækni. Lýðheilsustöð skal m.a. vinna að forvörnum á sviði áfengis- og vímuvarna, manneldis, slysavarna og tóbaksvarna og annast önnur forvarna- og heilsueflingarverkefni á vegum ríkisins.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar forstjóra Lýðheilsustöðvar frá 1. október 2003 til fimm ára.

Forstjórinn skal fullnægja almennum starfsgengisskilyrðum skv. 6. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Umsækjendur skulu hafa háskólamenntun ásamt reynslu í rekstri og stjórnun. Æskilegt er að menntun og/eða reynsla sé á sviði sem tengist starfsemi Lýðheilsustöðvar. Leitað er að einstaklingi sem sýnt hefur stjórnunar- og leiðtogahæfileika og góða samstarfshæfni í fyrri störfum.

Launakjör eru samkvæmt ákvörðun kjara-

## Auglýsing

### um breytingar á deiliskipulagi og deiliskipulag í Reykjavík

Í samræmi við 18. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar til kynningar tillögur að breytingum á deiliskipulagsáætlunum og deiliskipulagi í Reykjavík:

*Vesturberg 195.*

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi vegna Vesturbergs 195.

Tillagan gerir ráð fyrir að leyft verði að byggja allt að þremur íbúðum á tveimur hæðum með útbyggingum og svölum og útitröppur innan byggingar, þ.e. 3 íbúða raðhús. Við- og útbyggingar verði leyfðar jafnháar og núverandi hús. Þakgluggar og kúplar sem standa upp úr þaki að hámarki 100 cm eru leyfðir. Að öðru leyti verður hæð þaks og halli eins og þau eru nú. Sýna skal 2 bílastæði fyrir hverja íbúð og skulu þau vera lögð grassteinum sem eru gisnir og sýna grasvöxt á milli.

Nánar um tillögurnar vísast til kynningargagna.

*Hólmsheiði Fjárborg.*

Tillaga lýtur að deiliskipulagi Hólmsheiðar, sameiginlegu hestaíþrótta- og útivistarsvæði.

Tillagan gerir m.a., ráð fyrir að í lægðinni miðsvæðis verði 300 m gæðingavöllur. Í tengslum við gæðingavöllinn er gert ráð fyrir félagsaðstöðu og reiðskemmu. Á Fjárborgarsvæðinu eru nokkrar lóðir óbyggðar og er gert ráð fyrir að núverandi fyrirkomulag verði óbreytt í grundvallaratriðum. Skilmálar gilda fyrir Fjárborgarsvæðið allt þannig að breytingar eða endurbygging núverandi húsa á svæðinu skulu einnig fylgja þessum skilmálum.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

*Grafarholt, athafnasvæði, svæði 3.*

Tillaga lýtur að breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarholt athafnasvæði, sem afmarkast af Reynisvatnsvegi til norðurs, Þúsöld til austurs, Vínlandsleið til suðurs og Vesturlandsvegi til vesturs.

Tillagan gerir ráð fyrir, m.a. að heimilt verði að reisa allt að 3ja hæða byggingu á lóðinni auk kjallara. Mesta leyfilega hæð byggingar má vera 12 m frá gólfplötu jarðhæðar. Meðfram lóðarmörkum mót vestri er heimilt að reisa opinn timburlager og er mesta leyfilega hæð hans 6 m fyrir ofan jörðu. Gert er ráð fyrir einu bílastæði á hverja 100 $m^2$ (bílakjallari er undanskilinn). Reynist ekki unnt að leysa kröfu um fjölda bílastæða á lóð skal fullnægja kröfunni innan byggingar eða í bílastæðakjallara.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8.20 – 16.15, frá 23. júlí 2003 til 3. sepember 2003. Einnig má sjá tillögur á heimasíðu sviðsins, skipbygg.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við þær skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eigi síðar en 3. september 2003.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 16. júlí 2003.
**Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur.**

9656)

## Nauðungarsölur

### Kópavogur

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Dalvegi 18, Kópavogi, fimmtudaginn 21. ágúst 2003 kl. 10.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Akralind 1, 0205 | Bjarni Hermann Halldórsson og EVRA-Ráðgjöf ehf. Eldur og Jörð | Kópavogsbær | 181.462 |

9532)

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Auðbrekka 36, 0301 9533) | María Schjetne | Sjóvá-Almennar tryggingar hf. | 1.599.065 |
| Álfhólsvegur 26 9534) | Ragnhildur Ólafsdóttir og Guðmundur Ólafur Heiðarsson | Íbúðalánasjóður | 332.520 |
| Álfhólsvegur 67, 0101 9535) | Árný Þóra Hallvarðsdóttir og Logi Magnússon | Íbúðalánasjóður | 241.198 |
| Álfhólsvegur 95, 1. hæð 9536) | Jónína Stefánsdóttir og Guðsteinn Þengilsson | Lífeyrissjóður verslunarmanna | 126.715 |
| Ástún 12, 0102 9537) | María Vilborg Ragnarsdóttir | Greiðslumiðlun hf., Íbúðalánasjóður og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, útibú | 1.438.169 |
| Ástún 14, 0101 9538) | Húsnæðisnefnd Kópavogs | Íbúðalánasjóður | 174.219 |
| Ástún 14, 0302 9539) | Birgir Brynjólfsson | Íbúðalánasjóður | 168.850 |
| Ástún 8, 0205 9540) | Sveinn Guðjónsson | Íbúðalánasjóður og Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 572.191 |
| Ástún 8, 0304 9541) | Helgi Tómasson | Íbúðalánasjóður og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, útibú | 760.079 |
| Brekkuhvarf 20 9542) | Kristín Bjarnadóttir | Lífeyrissjóður verslunarmanna | 77.639 |
| Brekkuhvarf 8 9543) | Svava Kristjana Guðjónsdóttir og Davíð Pálmason | Íbúðalánasjóður | 685.226 |
| Digranesvegur 60, 0001 9544) | Hólmar Ingi Guðmundsson og Tina Dalum Östergaard | Íbúðalánasjóður | 442.334 |
| Dimmuhvarf 29 9545) | Magnús Ólafsson og Hjördís Einarsdóttir | Húsasmiðjan hf. | 1.812.071 |
| Dynsalir 16, 02-0101 9546) | Dánarbú Þórdísar Önnu Pétursdóttur | Íbúðalánasjóður | 380.757 |
| Engihjalli 21, 0301, ehl.gþ. 9547) | Gunnar Svavarsson | Íslandsbanki hf. | 857.457 |
| Engihjalli 3, 0503 9548) | Guðrún Sigurðardóttir | Lífeyrissjóðurinn Framsýn | 4.203.224 |
| Engihjalli 9, 0404 9549) | Kristín Birna Angantýsdóttir og Kristleifur G. Torfason | Íbúðalánasjóður | 363.009 |
| Fannborg 3, 0401 9550) | Viktoría Gísladóttir | Sparisjóður Hafnarfjarðar | 276.610 |
| Funalind 11, 0203 9551) | Eva Ottósdóttir og Sigurður Gíslason | Íbúðalánasjóður | 273.706 |
| Funalind 7, 0601 9552) | Magnús Helgason | Sparisjóður Hafnarfjarðar | 4.220.733 |
| Furugrund 24, 0202 9553) | Ingibjörg Reynisdóttir | Íbúðalánasjóður | 205.714 |

nefndar, sbr. lög nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Davíð Á. Gunnarsson ráðuneytisstjóri (s. 545-8700) og Ragnheiður Haraldsdóttir skrifstofustjóri (s. 545 8700).

Umsóknir ásamt staðfestum upplýsingum um menntun og upplýsingum um fyrri störf sendist heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Laugavegi 116, 150 Reykjavík eigi síðar en 12. ágúst 2003.

Fyrri umsækjendum er bent á að nægilegt er að endurnýja umsóknir með tilvísun til áður innsendra gagna.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun hefur verið tekin.

**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu,**
16. júlí 2003.

(9658

# Stefnur

**Dómsstjórinn á Suðurlandi, Ólafur Börkur Þorvaldsson**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Einar Gautur Steingrímsson hrl. að hann þurfi, f.h. Ræktunarmiðstöðvarinnar s/f, kt. 520989-1619, Heiðmörk 68, Hveragerði, að höfða eignardómsmál fyrir héraðsdómi Suðurlands.

*Dómkröfur*: Aðalkrafa: Þess er krafist aðallega að viðurkennt verði að stefnandi sé eigandi alls þess lands sem lýst er á meðfylgjandi uppdrætti og birtur er með stefnu þessari. Landið er afmarkað af eftirfarandi hnitum:

| Nafn | A-hnit | N-hnit |
|---|---|---|
| L2 | 393315.8 | 390295.3 |
| L3 | 393280.7 | 390317.0 |
| L4 | 393255.6 | 390275.0 |
| L5 | 393320.7 | 390234.4 |
| L6 | 393319.9 | 390233.2 |
| L7 | 393343.6 | 390246.6 |
| L8 | 393337.7 | 390256.9 |
| L9 | 393318.1 | 390271.5 |
| L10 | 393323.9 | 390281.2 |

Varakrafa: Til vara er þess krafist að viðurkennt verði að stefnandi sé eigandi alls þess lands sem Mjólkurbú Ölfusinga leigði Sigurði Sigurðssyni, fyrrum búnaðarmálastjóra, með þinglýstum leigusamningi dags. 17. maí 1929 með þinglýsingarnr. 119/1929 á manntalsþingi Ölfushrepps þann 24. ágúst 1929, að frátöldu því landi sem undan hefur verið tekið skv. afsali Ingimars Sigurðssonar til Þráins Sigurðssonar og Guðrúnar Björnsdóttur þann 14. maí 1962, sem móttekið var þann 20. júní 1962 og þinglýst sama dag á manntalsþingi Hveragerðishrepps, skjal nr. XXVII-286, þar sem nú er Reykjamörk 15 og 17 og einnig skv. afsali frá 1. október 1968 sem móttekið var til þinglýsingar 3. febrúar 1969 og þinglýst á næsta manntalsþingi Hveragerðishrepps og fékk auðkenni nr. XLVII-38, og er land það sem krafist er eignardóms um að mestu á milli Reykjamerkur 18 og Reykjamerkur 22.

*Málavextir*: Málavaxtalýsing stefnanda er svohljóðandi:

Þann 31. ágúst 2000 var gerður kaupsamningur milli stefnanda og Fagrahvamms ehf., kt. 520169-4319, Fagrahvammi, Hveragerði (dskj. nr. 12). Samkvæmt kaupsamningnum keypti stefnandi 22.681 m$^2$ landspildu úr landi Fagrahvamms skv. viðfestum uppdrætti dags. 15. ágúst 2000. Um afmörkun landspildu þessarar vísast til dskj. nr. 11 sem er umrædd teikning. Í kaupsamningnum fólst að hluti af landi seljanda yrði lagt til stefnanda og þar með færu fram landskipti. Sala þessi féll undir ákvæði jarðalaga um forkaupsrétt og þann 12. september 2000

sendi stefnandi bréf til Hveragerðisbæjar og spurðist fyrir um hvort bærinn myndi nýta sér forkaupsrétt (dskj. nr. 13). Þann 20. desember 2000 var gefið út afsal og féll bærinn frá forkaupsrétti. Þann 22. desember 2000 óskaði seljandi eftir staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins á eignaskiptum á landi þessu. Þann 2. janúar 2001 lýstu Bændasamtök Íslands því yfir að þau hefðu enga athugasemd við landskiptin, sjá 12. gr. jarðalaga nr. 65/1976. Að svo komnu máli óskaði landbúnaðarráðuneytið eftir því við seljanda með bréfi þ. 12. febrúar 2001 (dskj. nr. 18) að hann léti í té gögn um eignarhald seljanda á landinu sem hann var að selja.

Þann 30. maí 2001 ritaði landbúnaðarráðuneytið Verkfræðistofu Suðurlands ehf. bréf (dskj. nr. 19) og fylgdu því m.a. eftirtalin gögn:

1. Yfirlýsing, dags. 17. maí 1929, þar sem Mjólkurbú Ölfusinga gefur Sigurði Sigurðssyni búnaðarmálastjóra landspildu sem liggur í suðausturhorni lands þess sem Mjólkurbúsfélagið átti við Varmá í Ölfusi. Afmörkun landspildunnar er nánar lýst í yfirlýsingunni (sbr. dskj. nr. 3).
2. Yfirlýsing, dags. 17. maí 1929, þar sem Mjólkurbú Ölfusinga leigir Sigurði Sigurðssyni á erfðafestu til 75 ára landspildu sem liggur vestur af landspildu þeirri sem gefin var Sigurði Sigurðssyni með framangreindri yfirlýsingu. Afmörkun landspildunnar er nánar lýst í þessari yfirlýsingu (sbr. dskj. nr. 4).
3. Afsal til Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra, dags. 8. september 1934, þar sem Jón Ögmundsson, bóndi í Vorsabæ, og Gísli Björnsson innheimtumaður í Reykjavík selja og afsala til Sigurðar Sigurðssonar, búnaðarmálastjóra landspildu en afmörkun landspildunnar er nánar lýst í afsalinu (sbr. dskj. nr. 5).

Bréfi landbúnaðarráðuneytisins var svarað þann 12. júní 2001 (dskj. nr. 20) og því fylgdi viðfestur uppdráttur. Yfir þessi nýju gögn fór ráðuneytið og gerði grein fyrir því að að svo komnu máli gæti það ekki staðfest landskiptin því verið væri að selja úr leigulandi skv. samningi frá 17. maí 1929, þingl. nr. 119-1929, sbr. dskj. nr. 3. Þann 9. september 2001 árituðu stefnandi og seljandi yfirlýsingu um að þeir drægju erindið frá 22. desember 2000 til baka „í óbreyttri mynd.“ Í samræmi við umræddan kaupsamning milli stefnanda og Fagrahvamms ehf., tók samt sem áður gildi nýtt deiliskipulag þann 18. febrúar 2002. Er það lagt fram sem dskj. nr. 26.

Þegar í ljós kom að seljandi hafði ekki þinglýstar heimildir fyrir öllu því landi sem hann seldi kom það algjörlega flatt upp á stefnanda. Var þá brugðið á það ráð að gera sérstakt samkomulag í tilefni af mögulegri vanheimild. Er það lagt fram á dskj. nr. 29. Fólst í því að kaupandi bæri ekki fyrir sig vanheimildina en tæki við þeim réttindum sem seljandi ætti til landskikans, hvort sem það væru efnislega fullkomin eignarréttindi eða aðeins erfðafesturéttindi. Af þessu er ljóst að stefnandi er réttur aðili að máli þessu sóknarmegin.

Áður en lengra er haldið er rétt að rekja hvernig hlutafélagið Fagrihvammur hf. er að umræddu landi komið.

Eina skriflega heimildin sem stefnandi hefur fundið er skiptayfirlýsing frá 1991 (dskj. nr. 10). Þar er um að ræða skipti á dánarbúi Ingimars Sigurðssonar, fd. 2. mars 1910, en að Ingimari og eignarheimildum hans verður vikið hér á eftir. Í skiptayfirlýsingu þessari kemur fram að land, sem þar er merkt nr. 1 og 5 á viðfestum uppdrætti, sé og hafi verið eign hlutafélagsins. Mun umrætt félag hafa nýtt land þetta án skýrrar eignarheimildar í a.m.k. meira en 20 ár, áður en það seldi stefnanda landið. Munu þeir, sem

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Furugrund 34, 0102 9554) | Sesselja Magnúsdóttir | Íbúðalánasjóður | 193.413 |
| Gnípuheiði 1, 0201 og bílskúr 0103 9555) | Anna Marie I. Stefánsdóttir og Guðni Ragnar Björnsson | Húsasmiðjan hf. | 676.429 |
| Gnípuheiði 19, 03-0201 9556) | Arndís Inga Helland og Eggert Óskar Þormóðsson | Íbúðalánasjóður og Sparisjóður vélstjóra | 742.974 |
| Gnípuheiði 7, 02-0301, ehl.gþ. 9557) | Árni Guðmundsson | Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, útibú | 641.180 |
| Grundarsmári 12 9558) | Timburvinnsla H.J. ehf. | Framtak Fjárfestingarbanki hf. | 9.067.096 |
| Grænatún 22 9559) | Margrét Ingvadóttir og Kristinn Guðmundsson | Íbúðalánasjóður | 477.513 |
| Hafnarbraut 9 9560) | Porta ehf. | Kópavogsbær og þb. Vélsmiðjunnar Gils ehf. | 12.211.237 |
| Hamraborg 10, 0403 9561) | Útgerðarfélagið Njörður hf., Dalvík | Kópavogsbær og Sjóklæðagerðin hf. | 253.590 |
| Hamraborg 5, 0203 9562) | Samstaða ehf. | Kópavogsbær | 153.185 |
| Hátröð 5 9563) | Elín Þorbjarnardóttir | Sparisjóður Kópavogs | 270.865 |
| Hólahjalli 5 9564) | Guðlaug Jónsdóttir | Byggingafélagið Sandfell ehf. | 4.253.214 |
| Hraunbraut 4, 0201 9565) | Ingibjörg Sólveig Sveinsdóttir | Vátryggingafélag Íslands hf. | 105.033 |
| Huldubraut 20 9566) | Áki Jóhannsson | Íbúðalánasjóður | 236.561 |
| Huldubraut 26, 0101 9567) | Eysteinn Jóhann Dofrason | Íbúðalánasjóður | 306.665 |
| Hvannhólmi 26 9568) | Sigurður Rúnar Jónsson | Kreditkort hf. | 713.898 |
| Kársnesbraut 97, 0101 9569) | Ingólfur Narfason og Halla Steinsson | Vátryggingafélag Íslands hf. | 66.181 |
| Kjarrhólmi 6, 0402, ehl.gþ. 9570) | Guðjón Ólafsson | Lína.Net hf. | 150.421 |
| Kórsalir 3, 0202 9571) | Sigrún Jóna Jóhannsdóttir og Þorsteinn Þór Gunnarsson | Íbúðalánasjóður | 455.937 |
| Krossalind 20 9572) | Ástþór Reynir Guðmundsson | Þrotabú Args ehf. | 1.055.589 |
| Lautasmári 25, 0101 9573) | Margrét Sigmundsdóttir | Íbúðalánasjóður | 206.585 |
| Lindasmári 26 9574) | Ágústa Ósk Ágústsdóttir | Íbúðalánasjóður | 304.845 |
| Ljósalind 2, 0302, ehl.gþ. 9575) | Ari Heiðberg Jónsson | Sparisjóður Hafnarfjarðar | 155.173 |
| Lundarbrekka 2, 0103 9576) | Kristrún Jónsdóttir | Íbúðalánasjóður | 94.985 |
| Lyngbrekka 19, 02-0101, ehl.gþ. 9577) | Rúnar Sólberg Þorvaldsson | Orkuveita Reykjavíkur | 150.045 |

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Lækjasmári 2,<br>0702<br>9578) | Hrafnhildur Þórðardóttir | Íslandsbanki hf. | 235.131 |
| Lækjasmári 6,<br>0101<br>9579) | Leó Gunnar Ingólfsson | Íbúðalánasjóður | 200.776 |
| Lækjasmári 80,<br>01-0201<br>9580) | Brynjólfur Hauksson og<br>Arndís Magnúsdóttir | Lífeyrissjóður lækna og<br>Óskar Ingvason | 5.999.092 |
| Marbakkabraut 38,<br>0101<br>9581) | Hulda Finnbogadóttir | Tollstjóraskrifstofa | 1.133.106 |
| Núpalind 2,<br>0402<br>9582) | Hildur Jónsdóttir og<br>Þór Sigurjónsson | Íbúðalánasjóður | 117.350 |
| Núpalind 4,<br>02-0201<br>9583) | Kristín Harðardóttir og<br>Trausti Víglundsson | Verðbréfun hf. | 10.654.907 |
| Nýbýlavegur 42,<br>0103<br>9584) | Jón Fannar Hafsteinsson | Sparisjóður Hafnarfjarðar | 649.313 |
| Nýbýlavegur 46,<br>01-0002<br>9585) | Villy Pedersen | Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 860.579 |
| Nýbýlavegur 78,<br>0102<br>9586) | Hrafnhildur Jóhannesdóttir | Íbúðalánasjóður | 126.240 |
| Reynihvammur 20,<br>0001<br>9587) | Íris Eva Bachmann og<br>Ásgeir Unnar Sæmundsson | Kópavogsbær og<br>Sjóvá-Almennar tryggingar hf. | 307.324 |
| Skemmuvegur 10,<br>efri hæð suðurhluti,<br>ehl.gþ.<br>9588) | Björn Haraldsson | Kópavogsbær | 635.934 |
| Skjólbraut 20<br>9589) | Jón Magnússon | Vélsmiðja Orms og<br>Víglundar ehf. | 2.024.611 |
| Skjólsalir 7<br>9590) | Jón og Salvar ehf. | Íbúðalánasjóður | 221.892 |
| Smáraholt 11<br>9591) | Þorsteinn Ragnarsson | Sýslumaðurinn í Hafnarfirði | 2.785.847 |
| Smiðjuvegur 32,<br>0101<br>9592) | Sólning Kópavogi hf. | Íslandsbanki hf. og<br>Lífeyrissjóður starfsmanna<br>Kópavogskaupstaðar | 35.007.878 |
| Smiðjuvegur 34,<br>0101<br>9593) | Sólning Kópavogi hf. | Lífeyrissjóður starfsmanna<br>Kópavogskaupstaðar | 33.064.858 |
| Sæbólsbraut 32,<br>0301<br>9594) | Jón Bogason | Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 | 199.054 |
| Vatnsendablettur 173A,<br>ehl.gþ.<br>9595) | Ómar Hafliðason | Íslandsbanki hf., útibú 526 | 263.655 |
| Vesturvör 27,<br>0201<br>9596) | Brynjólfur Erlingsson | Kópavogsbær og<br>Lífeyrissjóðurinn Framsýn | 1.784.570 |
| Víðihvammur 14,<br>0001<br>9597) | Xiaoli Wang | Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 149.578 |
| Vogatunga 16<br>9598) | Baldur Snorri Halldórsson | Kópavogsbær | 156.117 |
| Þinghólsbraut 52<br>9599) | Reynir Þorgrímsson | Sparisjóður Kópavogs | 948.710 |
| Þverbrekka 4,<br>0803<br>9600) | Diðrik Valur Diðriksson | Íbúðalánasjóður | 67.058 |

Kópavogi, 11. júlí 2003.
Sýslumaðurinn í Kópavogi,
**Ragnhildur Sophusdóttir** ftr.

undirrituðu skiptayfirlýsinguna, m.a. verða kallaðir til vitnis um þetta atriði. Ekki hefur stefnanda tekist að fá frekari botn í hvernig Fagrihvammur hf. varð eigandi landspildunnar en það mun hafa komið flatt upp á forsvarsmenn Fagrahvamms hf. að vafi léki á grunneignarréttinum.

Að öðru leyti skal það sagt um hlutafélagið að það var stofnað árið 1946. Voru stofnendurnir fimm, þau Guðrún Björnsdóttir, Ingimar Sigurðsson, Emilía Friðriksdóttir, Ragna Sigurðardóttir og Þráinn Sigurðsson.

Eftir því sem stefnandi kemst næst er saga þessa lands sú að það mun upphaflega hafa verið í eigu Mjólkurbús Ölfusinga. Þann 17. maí 1929 leigði stjórn mjólkurbúsins Sigurði Sigurðssyni búnaðarmálastjóra á erfðafestu til 75 ára, miklu stærra land eða 1,73 ha eða 17.300 $m^2$. Var það leigt til garð-, tún- og trjáræktar. Um þennan skika vísast til framlagðs ljósrits úr veðmálabók (dskj. nr. 6). Þann 14. maí 1962 mun Ingimar Sigurðsson hafa talið sig leiguréttarhafa skv. erfðafestusamningi sem faðir hans, Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri hafði gert við „Mjólkurbú Flóamanna sic“. Vísast um samning þennan til afsals á dskj. nr. 7. Framseldi hann erfðafesturétt sinn til Þráins Sigurðssonar og Guðrúnar Björnsdóttur fyrir landi sem nú standa á Reykjamörk 15 og Reykjamörk 17, Hveragerði.

Í afsali þessu staðhæfir hann að ríkissjóður sé þáverandi grunneigandi. Landbúnaðarráðuneytið virðist hafa samþykkt gjörning þennan sem leigusali sbr. dskj. nr. 8.

Enn á ný er afsalað til Hveragerðishrepps úr landinu á „svæði því, sem gatan Reykjamörk á að liggja um og þar fyrir vestan þannig að vesturmörk Fagrahvamms verða meðfram götunni Reykjamörk.“ Í afsalinu (dskj. nr. 9) var tekið fram að hluti greinds lands sé erfðafestuland. Með afsali þessu fylgdi viðfestur uppdráttur en engin tilraun er gerð til að hafa samband við grunneigandann. Virðist litið svo á að allar heimildir til ráðstöfunar séu komnar í hendur Ingimars og því í reynd grunneignarrétturinn. Afsali þessu var þinglýst og hefur Hveragerðisbær tekið við þessu. Það næsta sem gerðist, að því er vitað er, er að erfingjar Ingimars Sigurðssonar staðhæfa að „Garðyrkjustöðin í Fagrahvammi hf. sé og hafi verið eigandi þessa lands.“ Að öðru leyti vísast um málavexti hvað þetta varðar til þess sem að framan er rakið.

*Málsástæður og lagarök*: Stefnandi byggir kröfur sínar á því að hann og áður Fagrihvammur ehf. (áður hf.) hafi samanlagt haft óslitið eignarhald á umræddu landi a.m.k. síðustu 20 árin. Þar að auki geti stefnandi til viðbótar byggt á undanfarandi eignarhaldi Ingimars Sigurðssonar, enda hafi hann, a.m.k. þegar hann gerði afsalið árið 1968, sbr. dskj. nr. 9, verið hættur að nýta landið í skjóli erfðafestusamningsins og hann dottinn upp fyrir án þess að um nokkurt óráðvandlegt athæfi hafi verið að ræða. Er því byggt á að stefnandi sé orðinn eigandi landsins fyrir óslitið hefðarhald sitt á grundvelli eignarhalds síns og þeirra sem á undan honum komu og vísast um þetta til 1. mgr. 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905. Ekki verði séð að 3. mgr. 2. gr. geti átt við um eignarhaldið a.m.k. síðastliðin 20 ár. Sjá og 3. gr. sömu laga. Telur stefnandi sig eiga fullkominn rétt til eignarinnar skv. 6. gr. hefðarlaga og þurfi því að fá skilríki fyrir eignarrétti sínum. Hugsanlegur afnotaréttur einhvers í skjóli erfðafestusamningsins sé niður fallinn sbr. 2. mgr. 6. gr.

*Réttarfar*: Reifun stefnanda á réttarfarsatriðum er svohljóðandi:

Um aðalkröfuna: Aðalkrafan lýtur að því að krefjast eignardóms yfir tilteknu afmörkuðu landi. Stefnandi staðhæfir að þetta land sé nákvæmlega það land sem hefur verið hefðað.

Þar sem land þetta hefur ekki verið afmarkað með nákvæmni í þinglýsingabókum, vaknar sú spurning hvort krafa í eignardómsmáli megi vera svo víð að hún raunverulega marki landamæri gagnvart aðliggjandi löndum. Farin verður sú leið að birta stefnu þessa sérstaklega fyrir þinglýstum eigendum aðliggjandi landa og lóða. Ekki verður betur séð að merkin séu í samræmi við það sem eigendur aðliggjandi landa hafa sjálfir byggt á og haldið fram.

Um varakröfuna: Verði af réttarfarsástæðum ekki talið heimilt að reka aðalkröfuna í eignardómsmáli er engin önnur leið en að orða kröfuna eins og gert er í varakröfu, eigi stefnandi þess yfir höfuð kost að fá dóm um eignarrétt sinn þegar enginn aðili finnst sem hægt er að beina kröfum að.

Stefnandi telur varakröfuna í raun nægilega skýra og ljósa þannig að ekki fari á milli mála hvers sé krafist. Fái stefnandi efnisdóm sér í vil í samræmi við varakröfuna, öðlast hann jafnframt hina formlegu heimild til að draga landamerkin upp í samræmi við nábúa. Með varakröfunni telur stefnandi að gert hafi verið skýrt og ljóst hvers krafist er, en þó þannig að hægt sé að dæma um eignaréttindin án þess þó að taka nákvæmlega afstöðu til markalína gagnvart nábýlum.

Ljóst er af framansögðu að stefnandi er réttur eigandi umrædds lands en skortir formleg skilríki fyrir honum. Ekkert liggur fyrir um hver hugsanlegur grunneigandi gæti hafa verið en Mjólkurbú Ölfusinga var lagt niður í lok fjórða áratugarins. Skv. ritinu „Flóabúið“, sem er saga Mjólkurbús Flóamanna í 60 ár eftir Sigurgrím Jónsson, Jón Guðmundsson og Pál Lýðsson, útg. á Selfossi 1989, mun síðasti fundur Mjólkurbúsins hafa verið haldinn 17. júlí 1938 og þá samþykkt svohljóðandi tillaga: „Fundurinn ályktar að leysa upp Mjólkurbú Ölfusinga að loknum skuldaskilum og felur mönnum er til þess verða kjörnir á fundinum að ráðstafa eignum þess og skuldum.“ Í þessu riti er staðhæft að fasteignir félagsins hafi verið keyptar af Mjólkurbúi Flóamanna og Kaupfélagi Árnesinga og seljandi verið Búnaðarbankinn.

Ekki hefur fengist botn í hvernig íslenska ríkið á mögulega að hafa orðið eigandi.

Með vísan til þess að enginn finnst sem er bær til að veita hefðanda hina formlega heimild landsins eru engin önnur ráð til en að fá útgefna eignardómsstefnu. Hins vegar mun hún verða birt sérstaklega þeim sem í stefnu þessari hafa verið nefndir til sögunnar sem mögulegir eigendur. Þann 14. ágúst sl. sendi lögmaður stefnanda landbúnaðarráðuneytinu bréf (dskj. nr. 24) og bað á grundvelli upplýsingalaga um öll gögn sem til væru um þessa spildu og gat þess að sér hefði „verið tjáð að ríkið sé orðið eigandi að þessari spildu en undirrituðum er ekki ljóst með hvaða hætti það á að hafa gerst“. Ráðuneytið sendi af þessu tilefni gögn en hélt hvorki fram eignarrétti sínum né sendi nein skilríki sem gætu bent til hans, hvað þá gögn sem sýndu að ríkið hefði formlegar heimildir til að afsala landinu.

Komi fram aðili sem er til þess bær að gefa út heimildarskjal, er áskilinn réttur til þess að fá málið tekið til almennrar meðferðar.

Með vísan til alls þessa er engin önnur leið fær en að höfða eignardómsmál sbr. 122. gr. eml. enda enginn bær aðili sem getur gefið út heimildarskjal.

Nauðsynlegt er að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði þar sem hún beinist að ótilteknum aðila sbr. c-liður 1. mgr. 89. gr. eml.

*Lagarök*: Stefnandi vísar til jarðalaga nr. 65/1976, einkum 12. gr. Einnig vísar hann til hefðarlaga nr. 46/1905, einkum 2. gr., 3. gr. og 6. gr.

Um varnarþing vísar stefnandi til 2. mgr. 122. gr. sbr. 2. mgr. 120. gr. eml.

*Sönnunargögn*: Lögmaður stefnanda kveðst leggja fram við þingfestingu málsins:

1. Stefnu ásamt viðfestum uppdrætti.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Yfirlýsingu, dags. 17. maí 1929, þar sem Mjólkubú Ölfusinga gefur Sigurði Sigurðssyni búnaðarmálastjóra landspildu sem liggur í suðausturhorni lands þess sem Mjólkurbúsfélagið átti við Varmá í Ölfusi.
4. Yfirlýsingu, dags. 17. maí 1929, þar sem Mjólkubú Ölfusinga leigir Sigurði Sigurðssyni á erfðafestu til 75 ára landspildu sem liggur vestur af landspildu þeirra sem gefin var sbr. dskj. nr. 3.
5. Afsal til Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra, dags. 8. sept. 1934.
6. Yfirlit úr veðmálabókum.
7. Afsal Ingimars Sigurðssonar til Þráins Sigurðssonar og Guðrúnar Björnsdóttur, dags. 14. maí 1962.
8. Bréf landbúnaðarráðuneytisins til Guðmundar Ásmundssonar hrl., dags. 14. maí 1962.
9. Afsal Ingimars Sigurðssonar til Hveragerðishrepps, dags. 30. nóv. 1968, ásamt viðfestum uppdrætti.
10. Skiptayfirlýsingu vegna dánarbús Ingimars Sigurðssonar, dags. 11. september 1991, ásamt viðfestum uppdrætti.
11. Teikningu Verkfræðistofu Suðurlands af Fagrahvammi, Hveragerði, dags. 15. ágúst 2000.
12. Kaupsamning stefnanda og Fagrahvamms ehf., dags. 31. ágúst 2000.



13. Bréf stefnanda til Hveragerðisbæjar, dags. 12. september 2000.
14. Afsal Fagrahvamms ehf. til stefnanda, dags. 20. desember 2000.
15. Bréf Fagrahamms ehf. til landbúnaðarráðuneytisins, dags. 22. desember 2000.
16. Bréf landbúnaðarráðuneytisins til Bændasamtaka Íslands, dags. 27. desember 2000.
17. Bréf Bændasamtaka Íslands til landbúnaðarráðuneytisins, dags. 2. janúar 2001.
18. Bréf landbúnaðarráðuneytisins til Sigurðar Ingimarssonar, fyrirsvarsmanns Fagrahvamms ehf., dags. 12. febrúar 2001.
19. Bréf landbúnaðarráðuneytisins til Verkfræðistofu Suðurlands ehf., dags. 30. maí 2001.
20. Bréf Verkfræðistofu Suðurlands ehf., dags. 12. júní 2001, ásamt viðfestum uppdrætti.
21. Bréf landbúnaðarráðuneytisins til Fagrahvamms ehf., dags. 15. júní 2001.
22. Áritun stefnanda og Fagrahvamms ehf. á bréf ráðuneytisins, dags. 9. júlí 2001.
23. Bréf landbúnaðarráðuneytisins til Fagrahvamnms ehf., dags. 29. júlí 2001.
24. Bréf lögmanns stefnanda til landbúnaðarráðuneytisins, dags. 14. ágúst 2002.
25. Bréf lögmanns stefnanda til sýslumannsins á Selfossi, dags. 14. ágúst 2002, ásamt áritun sýslumannsins.
26. Deiliskipulag Hveragerðisbæjar á Fagrahvammstúni, dags. 9. maí 2001 og breytt þann 28. nóv. 2001.
27. Símbréf lögmanns stefnanda til landbúnaðarráðuneytisins, dags. 2. september 2002.
28. Bréf landbúnaðarráðuneytisins til lögmanns stefnanda, dags. 13. september 2002.
29. Samkomulag stefnanda og Fagrahvamms ehf., dags. 16. janúar 2003.

*Fyrirkall*: Vegna þessa stefnist hér með hverjum þeim sem kann að telja til réttar yfir nefndri eign til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Suðurlands, sem háð verður á skrifstofu dómsins að Austurvegi 4, Selfossi, miðvikudaginn 17. september 2003 kl. 14 síðdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sanna rétt sinn yfir eigninni þar sem ella má búast við að stefnandi verði dæmdur eigandi hennar.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Selfossi, 23. júní 2003.
**Ólafur Börkur Þorvaldsson**.

(8074

**Og Vodafone - Og fjarskipti hf,**
**kt. 600898-2059,**
**Síðumúla 28,**
**108 Reykjavík**

gjörir kunnugt: að það þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Jóni Kristni Kristinssyni, kt. 111053-5029, nú óstaðsettum í hús, til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 123.308, ásamt dráttarvöxtum frá 10. maí 2003 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

*Málflutningsumboð*: Undirritaður, Bjarni Þór Óskarsson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur*: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 123.308, ásamt dráttarvöxtum, af kr. 33.813 frá 28. febrúar 2003 til 3. mars 2003, af kr. 61.582 frá 3. mars 2003 til 4. mars 2003, af kr. 79.656 frá 4. mars 2003 til 18. mars 2003, af kr. 104.374 frá 18. mars 2003 til 24. mars 2003, af kr. 119.483 frá 24. mars 2003 til 29. apríl 2003, af kr. 121.368 frá 29. apríl 2003 til 10. maí 2003, af kr. 123.308 frá 10. maí 2003 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

*Málsatvik og málsástæður*: Skuldin er samkvæmt framlögðum hreyfingarlista stefnanda. Stefnandi rekur símafyrirtæki í Reykjavík, nú undir nafninu Og Vodafone og voru reikningar gerðir í nafni Íslandssíma. Skuld þessi er til komin vegna ógreiddra símreikninga stefnda hjá stefnanda á neðangreindu tímabili. Um eftirfarandi reikninga er að ræða:

| Gjalddagi | Upphæð |
|---|---|
| 28. febrúar 2003 | 14.531 |
| 28. febrúar 2003 | 19.282 |
| 3. mars 2003 | 27.769 |
| 4. mars 2003 | 18.074 |
| 18. mars 2003 | 24.718 |
| 24. mars 2003 | 15.109 |
| 29. apríl 2003 | 1.885 |
| 10. maí 2003 | 1.940 |

Samtals nema framangreindar fjárhæðir kr. 123.308 sem er stefnufjárhæð málsins ásamt dráttarvöxtum og kostnaði. Umsaminn gjalddagi er tilgreindur og miðast dráttarvaxtakrafa í dómkröfu við það tímamark. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefndi er samkvæmt upplýsingum þjóðskrár ekki með skráð lögheimili, þ.e. óstaðsettur í hús og á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

*Lagatilvísanir*: Stefnandi byggir kröfur sínar á reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum vegna vaxta til og með 30. júní 2001, en III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 vegna vaxta frá 1. júlí 2001 til greiðsludags. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 32. gr. laga nr. 91/1991. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði skv. heimild í a-lið 89. gr. laga númer 91/1991.

*Skjöl og sönnunargögn*: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin gögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð gögn.
3. Hreyfingalista viðskiptamanns.
4. Innheimtubréf lögmanns stefnanda.
5. Útskrift úr þjóðskrá.
6. Útprentun úr Lögbirtingablaði er stefna þessi birtist í.

*Áskorun og viðvörun*: Fyrir því stefnist hér með Jóni Kristni Kristinssyni, kt. 111053-5029 til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómhúsi héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, dómssal 102, þann 2. október 2003, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 30. júní 2003.
F.h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.,
**Guðmundína Ragnarsdóttir** hdl.

(9349

# Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Vestfjarða, uppkveðnum 25. júní 2003, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn búsins.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Voiceera á Íslandi ehf., kt. 630301-2110 Lambhaga, Bolungarvík | 29. apríl 2003 | fimmtudaginn 2. október 2003 kl. 10.00 |

(9637 a

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu, eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Lágmúla 7, pósthólf 8383, 128 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Lágmúla 7, 6. hæð, Reykjavík, á neðangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á skiptafundinum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Skrá yfir lýstar kröfur í þrotabúið mun liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra, síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 8. júlí 2003.
**Guðmundur Ó. Björgvinsson** hdl.,
skiptastjóri.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 6. júní 2003, var Formax ehf., kt. 411287-1819, Faxagötu 2, Reykjavík, veitt heimild til að leita nauðasamnings. Héraðsdómur skipaði undirritaðan sama dag til að vera umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja sig eiga samningskröfur, samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga nr. 21/1991, á hendur félaginu, að lýsa þeim fyrir undirrituðum umsjónarmanni innan fjögurra vikna frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar á nafn umsjónarmanns á póstfangið Landslög – lögfræðistofa, Tryggvagötu 11, 101 Reykjavík.

Fundur verður haldinn með þeim lánardrottnum sem eiga atkvæðisrétt um samningsfrumvarp skuldarans, á skrifstofu undirritaðs að Tryggvagötu 11, Reykjavík, miðvikudaginn 27. ágúst 2003, kl. 15.00, til þess þar og þá að greiða atkvæði um frumvarpið.

Reykjavík, 12. júní 2003.
**Jóhannes Karl Sveinsson** hrl.

(7313 b

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 2. júlí 2003, voru neðangreind bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritluð skipuð skiptastjóri í þrotabúunum.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Fjölskylduhúsið Flókagötu 5 ehf., kt. 570197-3129, Reykjavík | 18. des. 2002 | miðvikudaginn 15. okt. 2003 kl. 13.00 |

(9057 b

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Vestfirðingur ehf., kl. 520398-2289, Skólavörðustíg 17a. Reykjavík | 17. júlí 2002 | miðvikudaginn 15. okt. 2003 kl. 14.00 |

(9058 b

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Laufey Anna Guðmundsdóttir, kt. 080772-3869, Grundartanga 16, Mosfellsbæ | 9. apríl 2003 | miðvikudaginn 15. okt. 2003 kl. 15.00 |

(9059 b

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Baza ehf., kt. 701096-3129, Langarima 21-23, Reykjavík | 28. mars 2003 | miðvikudaginn 15. okt. 2003 kl. 16.00 |

(9060 b

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindum þrotabúum, eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skeifunni 11a, 108 Reykjavík.

Skiptafundir til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúanna, verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Skeifunni 11a, Reykjavík á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum verður skiptum lokið á skiptafundunum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Skrá yfir lýstar kröfur í viðkomandi þrotabú mun liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra, síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 8. júlí 2003.
**Margrét Vala Kristjánsdóttir** hdl.,
skiptastjóri.

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 9. maí 2003 voru neðangreind bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúunum.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| VYRE Reykjavík, kt. 460397-2519, Vesturgötu 10a, Reykjavík | 3. febrúar 2003 | þriðjudaginn 7. okt. 2003 kl. 9.00 |

(9065 b

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Ásdís Anna Gottskálksdóttir, kt. 051175-3529, Básbryggju 1, Reykjavík | 3. janúar 2003 | þriðjudaginn 7. okt. 2003 kl. 9.45 |

(9066 b

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Mál og myndir ehf., kt. 510199-2279, Bræðraborgarstíg 9, Reykjavík | 26. nóv. 2002 | þriðjudaginn 7. okt. 2003 kl. 10.30 |

(9067 b

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Árís ehf., kt. 671185-0139, Síðumúla 13, Reykjavík | 18. des. 2002 | þriðjudaginn 7. okt. 2003 kl. 11.15 |

(9068 b

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| A1-arkitektar ehf., kt. 570299-2049, Vesturgötu 2, Reykjavík | 18. des. 2002 | þriðjudaginn 7. okt. 2003 kl. 13.15 |

(9069 b

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Dreamworld umboðsskrifstofa ehf., kt. 530600-3620, Klapparstíg 26, Reykjavík | 15. jan. 2003 | þriðjudaginn 7. okt. 2003 kl. 14.00 |

(9070 b

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindum þrotabúum, eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík.

Skiptafundir til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúanna, verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum verður skiptum lokið á skiptafundunum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Skrá yfir lýstar kröfur í viðkomandi þrotabú mun liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra, síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 3. júlí 2003.
F. h. Brynjólfs Kjartanssonar hrl.,
**Atli Björn Þorbjörnsson** hdl.

Eftirtaldar sparisjóðsbækur við Íslandsbanka hf. eru taldar glataðar:

| | |
|---|---|
| Nr. 200028 | Eiðistorgi 17, Seltjarnarn. |
| – 433954-67310-457422-427352 | Lækjargata 12, Reykjavík |
| – 8181 | Kirkjusandi 2, Reykjavík |
| – 22448-21587 | Laugavegi 116, Reykjavík |
| – 20044 | Skútuvogi 11, Reykjavík |
| – 293013-11148-13554-22169-26255 | Þarabakka 3, Reykjavík |
| – 390112-390097-390086 | Hafnarg. 60, Reykjanesbæ |
| – 24449 | Fjarðargötu 19, Hafnarfirði |
| – 22948-62819-63111-210005 | Smiðjuvegi 1, Kópavogi |
| – 16032 | Hrísalundi, Akureyri |
| – 44199-41856-35307-13878-42721 | Kirkjuvegi 23, Vestm.eyj. |

Samkvæmt 49. gr. laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði er hér með skorað á handhafa téðra bóka að segja til sín innan þriggja mánaða frá síðustu birtingu áskorunar þessarar.

Reykjavík, 3. júlí 2003.
E.h. Íslandsbanki,
**Áslaug A. Guðmundsdóttir** hdl.,
**Jóhanna Kr. Birgisdóttir.**

(9064 b

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 25. júní 2003, voru neðangreind bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirrituð skipuð skiptastjóri í þrotabúunum.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn hvers bús.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Hikk ehf., kt. 700300-2180, Funahöfða 17a, Reykjavík | 22. apríl 2003 | mánudaginn 13. okt. 2003 kl. 9.00 |

(8904 b

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Ísoptik ehf., kt. 550497-2479, Suðurlandsbraut 50, Reykjavík | 8. apríl 2003 | mánudaginn 13. okt. 2003 kl. 11.00 |

(8905 b

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Fasteignasalan Brú ehf., kt. 580298-2669, Miðstræti 12, Reykjavík | 28. mars 2003 | mánudaginn 13. okt. 2003 kl. 13.00 |

(8906 b

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Máti ehf., kt. 621100-2030, Klapparstíg 30, Reykjavík | 8. apríl 2003 | mánudaginn 13. okt. 2003 kl. 15.00 |

(8907 b

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Gísli Ölvir Böðvarsson, kt. 040969-5279, Sigluvogi 8, Reykjavík | 14. apríl 2003 | mánudaginn 13. okt. 2003 kl. 17.00 |

(8908 b

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindum þrotabúum, eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Borgartúni 33, 105 Reykjavík.

Skiptafundir til að fjalla um skrár yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúanna, verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Borgartúni 33, Reykjavík á ofangreindum tímum.

Skrá yfir lýstar kröfur í viðkomandi þrotabú mun liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 7. júlí 2003.
**Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttir** hdl.

# Skiptafundur

Skiptafundur í neðangreindu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hafnarstæti 20, 2. hæð, 101 Reykjavík á neðangreindum tíma. Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum áætlar skiptastjóri að ljúka skiptum á búinu skv. 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti.

| Nafn bús: | Skiptafundur: |
|---|---|
| Karl Karlsson, kt. 160843-4469, Veghúsum 31, 112 Reykjavík | fimmtudaginn 7. ágúst 2003 kl. 14.00 |

(9627

Reykjavík, 10. júlí 2003.
**Róbert Árni Hreiðarsson** hdl.,
skiptastjóri.

# Veðhafafundur

Vegna gjaldþrotaskipta á neðangreindu þrotabúi og með vísan til 129. gr. laga nr. 21/1991 er boðað til fundar með veðhöfum og öðrum þeim, sem kunna að telja til réttinda yfir eign þrotabúsins mb. Stokksnesi RE-123, skipaskrárnr. 0007. Verður fundurinn haldinn á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra að Hafnarstæti 20, 2. hæð, 101 Reykjavík á neðangreindum tíma.

Á fundinum verða kynntar tillögur skiptastjóra um ráðstöfun eignarinnar (frjálsa sölu skipsins) og leitað eftir samþykki rétthafa fyrir því, að henni verði ráðstafað með þeim áhrifum að réttindi, sem fullnusta fæst ekki á af söluverði eignarinnar, glati þeirri tryggingu, sem þau kunna að njóta í henni.

Einnig mun skiptastjóri kynna dóm héraðsdóms Vestfjarða frá 11. júní sl. í málinu þrotabú Vélsmiðjunnar Mjölnis ehf. gegn þrotabúi Eystrasalts ehf. fyrir Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis og handhöfum veðskuldabréfa með hliðsjón af hugsanlegri áfrýjun málsins.

| Nafn bús: | Skiptafundur: |
|---|---|
| Eystrasalt ehf., kt. 640399-2529, 101 Reykjavík | fimmtudaginn 7. ágúst 2003 kl. 14.30 |

(9628

Reykjavík, 10. júlí 2003.
**Róbert Árni Hreiðarsson** hdl.,
skiptastjóri.

# Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum á neðangreindum tíma, var búið tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu lauk í dag, 19. júní 2003, samkvæmt 154. gr. laga nr. 21/1991.

**Endurbirt vegna villu.**

| Nafn bús: | Úrskurðardagur gjaldþrotaskipta: | Fjárhæð lýstra krafna kr.: |
|---|---|---|
| Jöklaflug ehf., kt. 620798-2829, Hrefnugötu 4, Reykjavík | 17. mars 2003 | 10.235.814* |

(8407

* Allar lýstar kröfur voru afturkallaðar.

Hafnarfirði, 19. júní 2003.
**Gunnar Sv. Friðriksson** hdl.,
skiptastjóri.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 30. apríl 2002, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirrituð skipuð skiptastjóri í þrotabúinu.

| **Nafn bús:** | **Kröfur í búið:** |
| --- | --- |
| Sigurdís Gunnarsdóttir kt. 021166-5109, Miðhúsum 40, Reykjavík, | Allar kröfur afturkallaðar |

(9451

Skiptum á búinu lauk 25. júní sl. samkvæmt 2. mgr. 154. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. með því að þrotamaður lagði fram yfirlýsingar allra þeirra sem lýst hafa kröfum í búið um að þeir afturkalli þær.

Reykjavík, 8. júlí 2003
**Ragnheiður Bragadóttir** hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 14. mars 2003, var bú Útgerðarfélagsins Sædísar ehf., kt. 441201-2490, Melási 3, 210 Garðabæ tekið til gjaldþrotaskipta. Samdægurs var undirrituð skipuð skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum því lokið í dag samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar almennar kröfur að fjárhæð kr. 4.688.910 auk áfallandi dráttarvaxta og kostnaður eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Reykjavík, 27. júní 2003.
**Herdís Hallmarsdóttir** hdl.

(9455

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands 8. apríl 2003 var bú G. Guðnasonar ehf., kt. 591200-2670, Sólbakka 2, Borgarnesi, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á þrotabúinu lauk á skiptafundi í dag á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991 þar sem búið var eignalaust. Lýstar almennar kröfur voru að fjárhæð 4.960.577 krónur, forgangskröfur voru að fjárhæð 555.449 krónur og eftirstæðar kröfur voru að fjárhæð 18.733 krónur auk áfallandi dráttarvaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag.

Borgarnesi, 3. júlí 2003.
**Ingi Tryggvason** hdl.,
skiptastjóri.

(9457

# Dómsbirting

Ár 2003, mánudaginn 30. júní er dómþing héraðsdóms Suðurlands háð í dómsalnum að Austurvegi 4, Selfossi, af Ingveldi Einarsdóttur héraðsdómara.

Fyrir er tekið:
Mál nr. s-198/2003
Ákæruvaldið

gegn

Aaron Lamont

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

DÓMUR:

.........................................................................

*Dómsorð:*

Ákærði, Aaron Lamont, greiði 43.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja, en sæti ella fangelsi í 10 daga.

Upptæk eru gerð þau 3,95 grömm af hassi og 1,26 grömm af tóbaksblönduðu hassi (efnaskrárnúmer 031-2002-4) og áhöld til fíkniefnaneyslu (munaskrá lögreglu nr. 31-2002-1 til 10), sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

.........................................................................

Þar sem ekki er vitað um dvalarstað ákærða, Aaron Lamont, kt. 020379-2009, er framangreindur dómur nú birtur í Lögbirtingablaði með vísan til 2. mgr. 20. gr. laga nr. 19/1991.

Hvolsvelli, 15. júlí 2003.
F.h. lögreglustjórans á Hvolsvelli,
**Þórhallur Haukur Þorvaldsson** ftr.

(9657

# Fyrirtækjaskrá

## Nýskráningar

*Félagið heitir:* **Hugð ehf.**
*Kt.:* 580303-2770.
*Heimili og varnarþing:* **Naustabryggju 7, 110 Reykjavík.**
*Dagsetning samþykkta er:* 15. mars 2003.
*Stofnandi:* Svanhildur Vilhelmsdóttir, kt. 040862-2699, Naustabryggju 7, 110 Reykjavík.
*Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 15. mars 2003:*
Stjórnarmaður: Svanhildur Vilhelmsdóttir.
Varamaður: Elva Ólafsdóttir, kt. 101042-3249, Háaleitisbraut 30, 108 Reykjavík.
*Firmað ritar:* Stjórnarmaður.
*Framkvæmdastjórn og prókúruumboð:* Svanhildur Vilhelmsdóttir.
*Skoðunarmenn/endurskoðendur:* Birgir Hermannsson, kt. 081240-7799, Háaleitisbraut 30, 108 Reykjavík og Steingrímur Birgisson, kt. 131264-4539, Hrafnagilsstræti 30, 600 Akureyri.
*Hlutafé:* 500.000 kr.
*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er að veita almenna þjónustu á sviði geðlækninga fyrir fullorðna og aðra þjónustu tengda því. Auk þess rekstur fasteigna og lánastarfsemi er tengist rekstrinum.
*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.
*Lausnarskylda á hlutum:* Nei.

(6657

*Félagið heitir:* **Hnýtingar ehf.**
*Kt.:* 580303-3230.
*Heimili og varnarþing:* **Kirkjuvegi 5, 220 Hafnarfirði.**
*Dagsetning samþykkta er:* 10. mars 2003.
*Stofnendur:* Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir, kt. 010660-5729, Kirkjuvegi 5, 220 Hafnarfirði og Jónas Jónasson, kt. 281056-7009, s.st.
*Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 10. mars 2003:*
Stjórnarmaður: Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir.
Varamaður: Jónas Jónasson.
*Firmað rita:* Stjórnarmaður og varamaður saman.
*Framkvæmdastjórn:* Jónas Jónasson.
*Prókúruumboð:* Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir og Jónas Jónasson.
*Skoðunarmenn/endurskoðendur:* Guðmundur R. Óskarsson, kt. 041047-3139, Glitvangi 15, 220 Hafnarfirði og Hyggir ehf., kt. 420983-0429, Reykjavíkurvegi 66, 220 Hafnarfirði.
*Hlutafé:* 500.000 kr.
*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er veiðiflugugerð, sérfræðiþjónusta og skyld starfsemi.
*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.
*Lausnarskylda á hlutum:* Nei.

(6658

*Félagið heitir:* **Lítil íslensk útgerð ehf.**
*Kt.:* 580303-3310.
*Heimili og varnarþing:* **Rósarima 3, 112 Reykjavík.**
*Dagsetning samþykkta er:* 10. mars 2003.
*Stofnandi:* Jón Gunnar Björgvinsson, kt. 230674-5589, Rósarima 3, 112 Reykjavík.
*Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 10. mars 2003:*
Stjórnarmaður: Jón Gunnar Björgvinsson.
Varamaður: Guðlaug Harpa Rúnarsdóttir, kt. 050275-5829, Rósarima 3, 112 Reykjavík.
*Firmað ritar:* Stjórnarmaður.
*Prókúruumboð:* Jón Gunnar Björgvinsson.
*Skoðunarmenn/endurskoðendur:* Endurskoðun Hjartar Pjeturs ehf., kt. 541087-1929, Súðavogi 7, 104 Reykjavík og Svavar Hilmarsson, kt. 220962-5989, Reykjavíkurvegi 5, 220 Hafnarfirði.
*Hlutafé:* 500.000 kr.
*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er útgerð, fiskveiðar og vinnsla, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.
*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.
*Lausnarskylda á hlutum:* Nei.

(6659

**Hagstofa Íslands.**

# Embætti, sýslanir, leyfi o.fl.

Hinn 30. júní 2003 var Karsten M. Olesen skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðisstigi í Helsingör á Norður Sjálandi. Heimilisfang hinnar nýju ræðisskrifstofu er:

Granbakkevej 5, Bannebjerg
DK-3230 Græsted
Danmark

Sími: +45 48 39 30 21
Fax: +45 39 47 83 71
Netfang: kaole@hydrotexaco.dk

Hinn 30. júní 2003 var Kyösti Olavi Manninen skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðisstigi í Kotka, Finnlandi. Heimilisfang hinnar nýju ræðisskrifstofu er:

Kirkkotkatu 7
48100 Kotka
Finland

Sími: +358 (5) 227 0600 og (5) 2701
Fax: +358 (5) 227 0669
Netfang: kyosti.manninen@nordea.fi

**Utanríkisráðuneytinu,**
1. júlí 2003.

(9358

**Lögbirtingablað,**
101. tölublað 2003.

Útgefandi fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins
og ábyrgðarmaður.
**Eygló Halldórsdóttir**

Gutenberg